

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sigurgeir Sófus Gissurarson sæti 2X5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí

Nr. 8/1909:

Réttvísing

gegn

Samson Eyólfssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnu 20. janúar þ. á., var hinn ákærði, Samson Eyólfsson á Ísafirði dæmdur fyrir svik samkvæmt 254., 256. og 259. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar. En dómi þessum hefir eftir ósk dómfelda verið skotið til yfirdómsins.

Haustið 1906 tók ákærði að sér að innheimta fyrir

Albert Brynjólfsson á Ísafirði hjá Jóni Snæbirni Jónssyni skipstjóra á Bildudal eftirstöðvar af kaupverði þiljubátsins Fríðu, 400 kr., en Albert þessi, sem síðar er dáinn, og bróðir hans Jón Brynjólfsson höfðu selt Jóni Snæbirni nefndan bát 1904, og var fullgreitt andvirði hans að undanteknum þessum 400 kr., sem kaupandinn átti samkvæmt kaupsamningi þegar að hafa greitt, fyrir 31. des. 1905. Ákærði fór frá Ísafirði til Bildudals með mótorbát, sem átti leið þangað, og fekk hann áður hjá Albert umboð til innheimtunnar og samríf af kaupsamningnum um Fríðu. Þegar á Bildudal kom, skýrði kaupandi bátsins, Jón Snæbjörn, ákærða frá því, að það hefði staðið fyrir því, að hann greiddi eftirstöðvar kaupverðsins, hinar umkröfðu 400 kr., að seljendur hefðu eigi enn afhent honum ýmsa muni, er bátnum áttu að fylgja, sumpart samkvæmt hinum upprunalega samningi, sumpart samkvæmt síðari loforðum þeirra, en það varð þó að samningum milli ákærða og Jóns Snæbjarnar, að Jón Snæbjörn borgaði ákærða allar 400 krónurnar, gegn afhending kaupsamningsins með árituðu afsali og gegn því, að ákærði lofaði honum að taka að sér að ná því hjá seljendunum, er eftir stæði af því, er fylgja hefði átt bátunum Fríðu, en þessir munir voru eftir skýrslu Jóns Snæbjarnar toppsegl og stöng, fokka ljósker og bátur.

Þegar ákærði kom aftur til Ísafjarðar, fengu seljendurnir án verulegrar biðar 200 kr. af hinni innheimtu upphæð, en 200 kr. hélt ákærði eftir hjá sér, og varð það til þess, að ekkja Alberts Brynjólfssonar kærði hann fyrir sýslumanni 18. nóvbr. 1907 fyrir að hafa tekið ranglega til sín fé það, er hann átti að innheimta fyrir mann hennar og þá seljendur, og bar hún það upp á

hann, að hann hefði í því skyni dulið þau þess, að hann hefði tekið við meira en 200 kr. hjá Jóni Snæbirni, og sagt Albert, að Jón Snæbjörn ætlaði að borga seinna það, er eftir stæði af skuldinni. Var hafin sakamálsrannsókn gegn ákærða út af kærui þessari og síðan höfðað sakamál, sem fór sem fyr er greint.

Ákærði hefir stöðugt neitað því, að hann hafi dulið kæranda eða seljendur Fríðu nokkurs um árangur af ferð sinni til Bíldudals, og sérstaklega neitar hann því, að hafa sagt Albert Brynjólfssyni eða þeim seljendum, að hann hafi ekki fengið innheimt meira en 200 kr., eða að Jón Snæbjörn hefði tekið sér frest með greiðslu nokkurs af skuldinni. Ákærði kveðst þar á móti hafa beiðst þess, að þeir seljendur gjörðu upp við sig sakir, en þeir hafi ekki fengist til þess.

Þessum skýrslum ákærða er ekki hrundið með vitnaframburði þeirra kæranda og Jóns Brynjólfssonar eða á annan hátt, og verða þær því að leggjast til grundvallar í málinu.

Það virðist einnig mega ráða af málinu, að ágreiningur hafi verið svo mikill um það milli ákærða og seljenda bátsins, hve mikið seljendum bæri af þeim 200 kr., er ákærði hélt eftir, að ákærði hafi talið sér heimilt að halda 200 krónum, sumpart sem umboðsmaður Jóns Snæbjarnar, vegna muna þeirra, er honum var falið að innheimta hjá seljendum, og sumpart vegna þess, að hann taldi sjálfur til innheimtulauna hjá seljendum, er þeir vildu eigi greiða honum. Það er reyndar eigi upplýst fyllilega í málinu, hve mikils virði Jón Snæbjörn taldi muni þá, er hann þóttist eiga heimting á hjá seljendum, en ákærði hefir haldið því fram, og sú skýrsla hans styðst

við eiðfestan framburð Jóns Snæbjarnar, að hann hafi lagt honum fyrir, er hann fól honum að ganga eftir mununum, að halda eftir að minsta kosti 150 kr. af 400 krónum, er hann borgaði ákærða, þangað til munirnir væru af hendi látnir eða andvirði þeirra. Með því að ekkert frekara er upplýst um þetta atriði málsins, er á verði bygt, en það er hins vegar enginn vafi á því, að ákærði hafði umboð Jóns Snæbjarnar til að semja við seljendur í þessu efni, er það eigi sannað í málinu, að ákærði hafi eigi getað litið svo á, að hann sem umboðsmaður Jóns Snæbjarnar mætti halda eftir eða væri jafnvel skyldur til að halda eftir 150 kr. af upphæðinni. Og þegar við bætist krafa hans á hendur seljendum um laun fyrir innheimtuferðina til Bíldudals, sem alls eigi er sannað að hafi verið ástæðulaus með öllu, en seljendur vildu ekki sinna að neinu, þá verða eigi taldar fram komnar sannanir fyrir því, að ákærði hafi eigi haft réttmætar ástæður til að telja sér heimilt að halda eftir umræddum 200 kr., meðan kröfum hans, er hann þóttist hafa gegn seljendum, var ekki fullnægt.

Það verður samkvæmt þessu eigi álitid, að ákærði hafi í máli þessu orðið uppvis að svikum eða sviksamlegu athæfi eða öðru hegningarverðu athæfi, og verður að sýkna hann algjörlega af kæru réttvisinnar. Allan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, ber að greiða af almannafé, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins er það aðfinnsluvert, að undirdómarinn hefir eigi, eins og boðið er í tilsk, 31. maí 1705, ritað á dómsgjörðirnar yfirlýsing um, að hann fyrir sitt leyti láti sér nægja stefnu þá, er út var gefin í

málinu, enda hefir honum eigi verið birt stefna þessi. Það þykir þó ekki þurfa að vísa málinu frá yfirdóminum fyrir þessa sök, þar sem dómarrinn sjálfur hefir gefið út stefnuna og því verið fullkunnugt um hana.

Það er og vítavert, að dómarrinn hefir haldið ákærða í gæzluvarðhaldi hátt á annan mánuð, án þess séð verði, að rannsókn málsins hafi gefið nægilegt tilefni til þess.

Þá er það aðfinsluvert, að dómarrinn hefir í réttarhaldi 12. desbr. f. á. tilefnislaust farið alveg ótilhlýðilegum orðum um fjarverandi, óviðkomandi mann.

Loks hefir dómarrinn eigi útvegað refsingarvottorð fyrir ákærða úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem hann dvaldi þar til fram undir tvítugt.

Á málinu hefir eigi orðið neinn ótilhlýðilegur dráttur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Samson Eyólfsson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talinn varðhaldskostnaður, og málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafé.